



Til allra sveitarstjórna

Dagsetning
Málsnúmer

9. janúar 2024
IRN24010019

Eins og kunnugt er hefur verið unnið að heildarendurskoðun á lagaumgjörð og úthlutunarreglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Byggir sú vinna ekki síst á þingsályktun nr. 21/150 um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019–2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2023. Markmið endurskoðunarinnar er að bæta gæði jöfnunar, einfalda útreikninga og skipulag sjóðsins og tryggja að sjóðurinn fylgi þróun sveitarfélagagerðarinnar. Starfshópar skipaðir fulltrúum ríkis og sveitarfélaga hafa unnið tillögur í samræmi við framangreind markmið og náið samráð hefur farið fram um efni og inntak þessarar tímabæru heildarendurskoðunar.

Á grundvelli þessa góða starfs lagði ég fram á Alþingi frumvarp til nýrra laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og mælti fyrir því þann 14. nóvember síðastliðinn. Byggði það að mestu leyti á niðurstöðum þessarar vinnu og þeim tillögum sem starfshópur, sem ég skipaði í ársbyrjun 2023, lagði til. Meginfrávikin voru þau að frumvarpið kveður ekki á um að sveitarfélög sem ekki fullnýta útsvarið fái skert framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem útsvarslækkun nemur. Þó svo að það sé mikið sanngirnismál að slík regla sé til staðar var það mitt mat að það myndi greiða fyrir framlagningu málsins og umfjöllun þess á Alþingi að þessi tillaga væri ekki hluti af frumvarpinu. Það væri síðan í höndum Alþingis að ákveða frekar í þeim efnum, m.a. með umsagnir sveitarfélaga til hliðsjónar.

Þann 20. desember síðastliðinn kvað Héraðsdómur Reykjavíkur upp dóm í máli Reykjavíkurborgar á hendur íslenska ríkinu vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Með dómnum var ríkinu vegna Jöfnunarsjóðs gert að greiða Reykjavíkurborg 3.370.162.909 krónur með vöxtum og dráttarvöxtum. Í stuttu máli taldi Héraðsdómur að gamalt reglugerðarákvæði, sem mælti fyrir um að Reykjavíkurborg fengi ekki úthlutað framlögum úr Jöfnunarsjóði vegna reksturs grunnskóla og vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál, uppfyllti ekki lagaáskilnaðarkröfu 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar, sem kveður á um að tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum. Af þeim sökum ætti Reykjavíkurborg rétt á skaðabótum.

Niðurstaða dómsins felur í sér að Reykjavíkurborg fær úthlutað umtalsverðum fjármunum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna reksturs grunnskóla fyrir árin 2015–2019 sem er í andstöðu við samkomulag ríkis og sveitarfélaga frá árinu 1996 um flutning verkefna grunnskólans. Rétt er að minna á að með umræddu samkomulagi samþykktu öll sveitarfélög hvernig því fjármagni sem færðist frá ríkinu til sveitarfélaga vegna verkefnaflutningsins yrði skipt á milli sveitarfélaganna. Var samkomulagið unnið í góðri trú og með vitneskju allra aðila eins og kemur fram í dómnum. Ljóst er að dómurinn byggir fyrst og fremst á þeirri forsendu að samkomulagið hafi ekki verið fært í lög með réttum hætti á sínum tíma og mun niðurstaðan, standi hún óbreytt, verða til þess að lækka þurfi framlög til allra sveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði næstu árin til að jafna stöðu sjóðsins eins og var gert í kjölfar hæstaréttardóms nr. 34/2018. Með vöxtum og dráttarvöxtum má ætla að fjárhæðin geti numið um 5,5 ma. kr.

Þessi niðurstaða veldur mér miklum vonbrigðum og tel ég mikilvægt að sem fyrst verði aflétt óvissu um starfsemi Jöfnunarsjóðs og fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga auk þess sem miklir

fjárhagslegir hagsmunir eru undir í málinu. Því hef ég að höfðu samráði við ríkislögmann ákveðið að óska eftir því að málinu verði áfrýjað.

Í þessu ljósi mun ég ekki beita mér fyrir því að frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga verði afgreitt frá Alþingi á yfirstandandi löggjafarþingi, heldur verði beðið með slíka heildarendurskoðun þar til óvissunni hefur verið eytt. Ég mun hins vegar gaumgæfa öll tilefni til breytinga á núverandi regluverki sem miða að því að styrkja skilvirka og markvissa framkvæmd úthlutunar í samræmi við lögbundið hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Þetta vildi ég upplýsa sveitarstjórnir landsins um.

A handwritten signature in blue ink, reading "Björgvinur Jóhannsson". The signature is written in a cursive, flowing style.